

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 230/2000

M og
Vátryggingafélagið V.

Demantshring stolið á hóteli í Búdapest þ. 31.5. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 5.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 908/2000.
3. Bréf lögmanns M dags. 13.8.2000.
4. Bréf V dags. 19.7., 14.8., 24.8. og 19.9.2000.
5. Yfirlýsing farastjóra dags. 21.6.2000.

Málsatvik.

M var í hópferð erlendis og hafði tekið af sér giftingarhing og demantshring að kvöldi og lagt á náttborð í hótélherbergi sínu. Morguninn eftir gleymdi M að setja upp hringana en áttaði sig á því þegar hópurinn var kominn á stað frá hótelinu, en áleit, að það ætti að vera í lagi, þar sem þeir væru í hótélherberginu. Þegar M kom í hótélherbergið síðar um daginn voru hringarnir horfnir. Demantshringurinn fannst ekki þrátt fyrir ítarlega leit en giftingahringurinn fannst. M var með F+ farangurstryggingu hjá V og krefur bóta úr tryggingunni. Lögmaður M hafnar því, að það hafi verið gáleysi hjá M að skilja hringana eftir á hótélherberginu sínu og því verði ekki jafnað til þess að þeir hafi verið skildir eftir á almannafæri eða á glámbekk, þá er bent á, að það hafi verið vegna þess, að M þrútnaði á höndum að hún tók hringana af sér. V telur að M hafi ekki sýnt nægjanlega aðgát þegar hún skildi skartgripir eftir á borði hótélherbergis þar sem herbergin voru þrifuð daglega. Þá bendir V á að til 8. 4.gr. í vátryggingaskilmálunum eigi við um þetta tilvik og hafnar bótaskyldu

Álit.

Ekki er ágreiningur um það í málinu, að um þjófnað á demantshring M hafi verið að ræða. Þá er ekki um það deilt, að M hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 1.tl. 7.gr. vátryggingarskilmálanna. Í rökstuðningi sínum bendir V á 8.tl. 4.gr. vátryggingaskilmálanna. Sú tilvísun á ekki við þar sem ekki liggur fyrir eða haldið fram af V, að hótélherbergi M hafi verið ólæst í umrætt sinn. Lokað hótélherbergi sem hótélgestur hefur á leigu er ekki almannafæri. Hótélgestur hefur tímabundin einkaafnot af hótélherbergi sínu. Vátryggingaskilmálarnir undanskilja ekki tilvik sem þetta. M á því rétt á tryggingabótum úr hendi V vegna demantshrings þess, sem stolið var frá henni

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyld úr farangurstryggingu hennar hjá V.

Reykjavík. 10.10.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.